

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 15. október kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1179. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Bergstaðastræti 10 - USK24100079

Sótt er um leyfi til að byggja hæð ofan á hús á lóð nr. 10 við Bergstaðastræti.

Stækkun 46,3 ferm. og 129,6 rúmm.

Eftir stækkun: 138,9 ferm., 411 rúmm.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 30. september 2024 og váttryggingarskírteini hönnuðar dags. 29. janúar 2024 ásamt því að lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Bergstaðastræti 75 - USK24100098

Sótt er um leyfi til að síkka glugga, grafa frá húsi og gera hurð útá verönd á suðvesturhlið kjallara, gera nýjan útgang á suðausturhlið kjallara og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 75 við Bergstaðastræti.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. október 2024 og yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Blikastaðavegur 2-8 - USK24100129

Sótt er um leyfi til að byggja 4.290,1 ferm og 30.778,7 rúmm lager- og skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum mhl. 03 og kalda útiðeymslu 539,8 ferm og 3.836,6 rúmm sem er mhl.04 á lóð nr 2-8 við Blikastaðaveg. Erindinu fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 2. október 2024 og mæliblað útg. 18. júní 2008 og greinargerð um hönnun brunavarna dags. 11. september 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Bryggjugata 2 - USK24060427

Sótt er um leyfi til að stækka vörumóttöku, rými 0115, á kostnað rýmis 0101 í Bryggjugötu 2, sem er mhl. 05 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. Bæjarháls 1 - USK24070211

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010204 þannig að innra skipulagi 6. hæðar er breytt, og m.a. komið fyrir framreiðslueldhúsi og viðburðarsal á 6. hæð í húsi Orkuveitunnar á lóð nr. 1 við Bæjarháls.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

6. Depluhólar 8 - USK24100097

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080060 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 8 við Depluhóla.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Drafnarstígur 3 - USK24070228

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061633 með því að stækka kjallara og 1. hæð, innrétta íverurými í kjallara, grafa frá austurgafli og gera glugga og hurðir á kjallara einbýlishúss á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 19. júlí 2024, umsögn Minjastofnunar dags. 22. júní 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2024.

Stækkun: 33,5 ferm., 121,9 rúmm.

Eftir stækkun: 248,9 ferm., 745,8 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

8. Dunhagi 18 - USK24100013

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 18 við Dunhaga.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Fornhagi 1 Hagaskóli - USK24090218

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060938 vegna lokaúttektar, m.a. breyta flóttastiga á norðausturgafli og breyta fyrirkomulagi kennslustofa í Hagaskóla á lóð nr. 1 við Fornhaga.

Jafnframt er erindi USK24080290 dregið til baka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

10. Funafold 35 - USK24090023

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059294 þannig að stoðveggur hefur verið byggður á lóðamörkum, saunabygging er orðin tækjageymsla og komið er útiskýli á suðurlóð einbýlishúss á lóð nr. 35 við Funafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga,

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Garðastræti 17 - USK24030144

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð þar sem áður var teiknistofa í kjallara íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 17 við Garðastræti.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Gerðarbrunnur 38 - USK24070245

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN038432 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 38 og breyting á glugga í húsi nr. 36 og 38 við Gerðarbrunn.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

13. Grensásvegur 16 - USK24070313

Sótt er um leyfi fyrir til að breyta eignaskiptum í atvinnuhúsi á lóð nr. 16 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 27. apríl 1995.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Grófarsel 28 - USK24100081

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suðvesturhlið parhúss nr. 28 við Grófarsel.

Stækkun:

Eftir stækkun: 259,9 ferm., 622 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Hallgerðargata 24 - USK24100046

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058466 og USK24040085 þannig að bílastæðum fatlaðra er fækkað í fjögur stæði og annað smávægilegt í húsi á lóð nr. 24 við Hallgerðargötu.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skila þarf inn viðauka við þinglýsta eignaskiptayfirlýsingu þar sem kemur fram að verið er að

fækka bílastæðum fatlaðra. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

16. Hlíðarfótur 13 - USK24090288

Sótt er um leyfi til að byggja sólskála á þaksvölum fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Hlíðarfót.

Erindi fylgir samþykki eigenda Hlíðarfótar 11, 13 og 15 dags. 6. október 2023.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Hrafnhólar 6-8 - USK24100083

Sótt er um leyfi til að byggja sorpskýli á lóð nr. 2-8 við Hrafnhóla.

Erindi fylgir fundargerð húsfundar dags. 21. júní 2023.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

18. Hraunberg 4 - USK24070142

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059441 sem snýr að staðsetningu tækja í baðherbergjum og eldhúsum í íbúðum á 2. hæð húss á lóð nr. 4 við Hraunberg.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hverfisgata 105 - USK24100047

Sótt er um leyfi til að breyta notkun tannlæknastofu 0305 í íbúð auk þess að setja svalir á austurhlið húss á lóð nr. 105 við Hverfisgötu.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Háaleitisbraut 1 - USK24040293

Sótt er um leyfi til þess að byggja 6- hæða fjölbýlishús með 27 íbúðum auk kjallara og bílageymslu, mhl.03, á lóð nr. 1 við Háaleitisbraut.

Stærð Mhl. 03: 3.899.6 ferm., 12.018.4 rúmm.

Erindi fylgir auk teikningaskrár, lóðauppráttur dags. 29. júlí 2021 og hæðablað dags. 1. mars 2022.

Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. október sl.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. október sl.

21. Hálsasel 27 - USK24100012

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070222 með því að hækka þakmæni á skólahúsi á lóð nr. 27 við Hálsasel.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun:

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

22. Jarpstjörn 4 - USK24100096

Sótt er um heimild að byggja svalaskýli á þaksvölum 5. hæðar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 4 við Jarpstjörn. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Kringlan 8-12 - USK24100032

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0362 á 3. hæð í Kringlunni á lóð nr. 8-12 við Kringluna

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. Krókháls 5A - USK24090114

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að flóttaleiðum hefur verið breytt, gerðar nýjar svalir, hurð í stað björgunarops ásamt breytingum á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 5A við Krókháls. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Lambhagavegur 23 - USK24050294

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á lóð nr. 23 við Lambhagaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 12. ágúst 2014.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

26. Laugarnesvegur 84 - USK24100049

Sótt er um leyfi til að breyta íbúð 04 0401 með því að opna upp í þak og gera þar geymslu í húsi á lóð nr. 84 við Laugarnesveg.
Stækkun 16,7 ferm og 110,8 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Lofnarbrunnur 46 - USK24090307

Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt tvíbýlishús á lóð nr. 46 við Lofnarbrunn.
Erindi fylgir hæðarblað 5.055.6 dags. febrúar 2011 mæliblað 5.055.6 dags. 10. júlí 2007, greinargerð hönnuðar dags. 20. september 2024, gátlisti og innra eftirlit hönnuðar dags. 20. september 2024.
Stærð: 505,8 ferm., 1.632,3 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

28. Miklubraut 100 - Tímabundin gámur - USK24060270

Sótt er um stöðuleyfi fyrir bráðabirgðaspennistöð og 10" gám á lóð nr. 100 við Miklubraut.
Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Nauthólsvegur 100 - Gámar/Nauthólsv. - USK24090081

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 4 gáma á lóð nr.100 við Nauthólsveg.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

30. Njarðargata 43 - USK24050091

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í bættum brunavörnum, einnig til að byggja nýjar svalir á norðurhlíð húss og gera breytingar á innra skipulagi í gististað í fl. II, teg. ? húsi á lóð nr. 43 við Njarðargötu.
Gjald kr. 15.400.

Synjað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júlí 2024.

31. Njálsgata 1 - USK24100057

Sótt er um leyfi til að gera útiveitingasvæði með fyrir 32 gesti á lóð nr. 1 við Njálsgötu.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Óðinsgata 32B - USK24100115

Sótt er um heimild til að byggja sólpall, breyta flóttaleið og gera skyggni yfir anddyri húss á lóð nr. 32B við Óðinsgötu.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Rauðarárstígur 10 - USK24080168

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 10 við Rauðarárstíg.
Erindi fylgir hæðarblað dags. 5. febrúar 2024 og mæliblað 1.240.1 dags. 26. janúar 2023.
Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

34. Reykjavegur 15 - USK24100050

Sótt er um leyfi til að skipta um jarðveg og færa grasvöll á lóð nr.15 við Reykjaveg.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

35. Seljavegur 2 - USK24100084

Sótt um leyfi til að aðskilja rekstur veitingastaðar í flokki II, teg. veitingahús og kaffihúss í flokki I í rými 0102 ásamt því að gerð er hurð úr vörumóttöku inn í spa rými í hóteli á lóð nr. 2 við Seljaveg.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 7. október 2024.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Sigtún 28 - USK24070115

Sótt er um leyfi til að byggja níu hæða viðbyggingu með 140 herbergjum og breyta innra skipulagi fundarsala og þjónusturýmum og verða þannig 451 gistirými í Grand Hotel á lóð nr. 28 við Sigtún. Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 5. júlí 2024, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 7. júlí 2024 og útreikningur á varmatapi ódagsett.

Stækkun: 12.136 ferm., 53.152,7 rúmm.

Eftir stækkun: 31.608,3 ferm., 73.681,1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Skilyrt er að gera nýja eignaskiptayfirlýsingu þar sem um er að ræða breytta skráningu á fjöleignarhúsi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis þarf að berast staðfesting frá eignaskiptayfirlýsanda, á tölvupóstfang eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is, um að vinna á nýrri eignaskiptayfirlýsingu er hafin. Eignaskiptayfirlýsingu þarf að þinglýsa fyrir lokaúttekt.

37. Sigtún 30 - USK24040211

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057325 þannig að innra skipulagi og útliti íbúða hefur verið breytt ásamt því að brunavörnum hefur verið breytt, bætt við baðherbergjum og þvottahúsum, svefnherbergjum fækkað, gólfsíðum gluggum fjölgað og komið fyrir loftræsisamstæðum í hverri íbúð sem verða 109 í sex fjölbýlishúsum á áður samþykktum bílakjallara á lóð nr. 30 við Sigtún. Stærð eftir breytingu: 23.863 ferm., 87.732,3 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Skrauthólar 5 - USK24080326

Sótt er um leyfi til að byggja einlyft einbýlishús úr timburgrind á lóð nr. 5 við Skrauthóla.

Stærð: 149,5 ferm., 521,1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Skólavörðustígur 25 - USK24070312

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til norðurs uppað og ofaná mhl. 03, gera verönd á hluta þaks, innréttu geymslur í kjallara og skrifstofur á hæð og sameina í einn matshluta hús á lóð nr. 25 við Skólavörðustíg.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð brunahönnuðar dags. 15. maí 2024.

Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Skútuvogur 7 - USK23050236

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23020131 með því að stækka vöruhús og gera breytingar á innra skipulagi auk útihurða og stiga í Skútuvogi 7 og 9.

Stækkun: 438,4 ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 16.980,9 ferm., 147.718,7 rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Snorrabraut 29 - USK23040092

Sótt er um leyfi til að breyta íbúðum á 2. hæð, færa svalir, og færa geymslur frá íbúðum niður í kjallara, auk þess að fella fjórðu hæðina út af umsókninni í húsi nr. 27-29 við Snorrabraut.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2021 og 28. september 2023.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda sem vísar í skjal dags. 29. júní 2023.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2023.

42. Stefnisvogur 38 - USK24100080

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24040253 með því að er fjölga íbúðum úr 71 í 82 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 38 við Stefnisvog.

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 11. júní 2024.

Stækkun: 2,9 ferm., 44,6 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Sægarðar 15 - USK24030183

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050318 með því að breyta innra skipulagi á 2. hæð og texta um brunavarnir í húsi á lóð nr. 15 við Sægarða.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Sæmundargata 4-10 - Breyting á móttöku á 1. hæð. - USK24090058

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 4 við Sæmundargötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 23. júlí 2024. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

45. Úlfarsbraut 14 - USK24100060

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060786 með því að fjarlægja handrið í stiga utanhúss í húsi nr. 14 við Úlfarsbraut. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Þengilsbás 14 - USK24090174

Sótt er um leyfi til að setja upp fjarskiptalofnet á mannvirki við lóð nr.14 við þengilsbás. Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Fundi slitið kl. 11:40

**Brynjar Þór Jónasson
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**